

Sjálfsmatsskýrsla 2026



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Innra mat Borgarhólsskóla	2
Langtímaáætlun	3
Matsáætlun skólaársins	3
Niðurstöður innra mats	4
1 Stjórnun og fagleg forysta	5
2 Nám og kennsla	7
3 Innra mat	9
Viðhorf og líðan	11
Áherslur skólans	12
Umbótaáætlun 2026-2027	13
Yfirlit yfir áætlanir	14

Inngangur

Sjálfsmat er mikilvægur þáttur í faglegu skólastarfi og stuðlar að gæðum, þróun og velferð skólasamfélagsins. Í þessari greinagerð er gerð grein fyrir innra mati í Borgarhólsskóla skólaárið 2025-2026. Sett er fram matsáætlun sem tilgreinir viðfangsefni matsins, tímasetningar og nánari útfærslu á framkvæmd þess. Helstu niðurstöður eru kynntar með áherslu á styrkleika og þá þætti sem þarfnast úrbóta. Umbótaþættir eru síðan unnir áfram í umbótaáætlun skólans. Sem stendur falla allir þeir þættir sem metnir eru gulir (C) eða rauðir (D), þ.e. ábótavant eða óviðunandi, til umbótaþátta fyrir næsta skólaár.

Innra mat Borgarhólsskóla

Innra mat skólans er markvisst og reglubundið ferli sem byggir á fjölbreyttum gögnum, svo sem námsmati, könnunum, innliti í kennslu og mati stjórnenda og annars starfsfólks. Niðurstöður innra mats eru nýttar til að styðja við faglegt samtal, ákvarðanatöku og áframhaldandi þróun skólastarfsins.

Allt starfsfólk tekur þátt í innra mati skólans en matsteymi skólans leiðir matið, heldur utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýnir í niðurstöður og setur fram umbótaáætlun. Í teyminu sitja:

- Árný Björnsdóttir - fulltrúi kennara
- Nanna Möller - fulltrúi stjórnenda
- Sóley Sigurðardóttir - fulltrúi annars starfsfólks
- Þórgunnur R. Vigfúsdóttir, skólastjóri - fulltrúi stjórnenda

Fastir fundartímar matsteymis eru einu sinni í viku. Á fundunum eru þættir gæðaviðmiða grunnskóla teknir fyrir og rýnt er í fyrirbyggjandi gögn, niðurstöður eru ræddar og komist er að sameiginlegri niðurstöðu um mat þáttarins. Niðurstöður sem teljast mjög góðar eða framúrskarandi eru skilgreindar sem styrkleikar í starfi skólans. Þeir þættir sem metnir eru ábótavant eða óviðunandi eru teknir sérstaklega fyrir í umbótaáætlun og unnið markvisst að úrbótum. Sumir kaflar gæðaviðmiðanna eru metnir eingöngu af fagteymi skólans en annað er lagt fyrir allt starfsfólk, kennara, foreldra, nemendur eða eftir því sem við á. Innra mat er markvisst tekið fyrir í umræðum á kennara- og starfsmannafundum nokkrum sinnum yfir skólaárið.

Á skólaárinu 2024-2025 hóf skólinn að nýta [BRAVOLesson](#) til þess að halda utan um innra mat skólans. Á því ári fór talsverður tími í að setja kerfið upp og læra inn á það. Það er mat okkar að það hefur nýst vel og hefur einfaldað skipulag og framkvæmd innra matsins. Framsetning á gæðaviðmiðum Norðurlþings og umbótaáætlun er fengið beint úr kerfinu.

Langtímaáætlun

Langtímaáætlun skólans er hluti af innra mati og umbótastarfi hans. Hún byggir á niðurstöðum sjálfsmats og sameiginlegri faglegri ígrundun starfsfólks. Markmið hennar er að styðja við markvissa þróun skólastarfs og tryggja samræmi við stefnu skólans og aðalnámskrá grunnskóla. Hana má finna hér: [Langtímaáætlun innra mats 2024-2028](#)

Matsáætlun skólaársins

Í matsáætlun er gerð grein fyrir skipulagi innra mats, þar sem fram kemur hvað er metið, með hvaða hætti, af hverjum og hver viðmiðin um árangur eru. Áætlunin er endurskoðuð reglulega yfir skólaárið í takt við markmið og þarfir skólans. Hana má finna hér: [Matsáætlun 25-26](#)

Niðurstöður innra mats

Í þessum kafla eru settar fram helstu niðurstöður innra mats skólaárið 2025-2026, byggðar á greiningu gagna og mati fagteyma, þar sem jafnframt er dregið saman hvað telst til styrkleika og hvaða þættir kalla á umbætur.

Heildarniðurstaða innra mats má sjá á myndinni hér að neðan. Fjallað er svo sérstaklega um þá þætti sem teknir voru fyrir í undirköflunum á eftir.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga	Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	Velferð og líðan nemenda		

* Framúrskarandi
A - Mjög gott
B - Gott
C - Ábótavant
D - Óviðunandi

1 Stjórnun og fagleg forysta

Gæðaviðmið Norðurlæpis – [Stjórnun og fagleg forysta](#)

Athugið að nýlega tók skólinn að nota kerfið BRAVO Lesson til þess að halda utan um innra mat og því hefur ekki verið lagt mat á alla þætti í listanum.

Stjórnun og fagleg forysta	
Faglegt samstarf og samræða (25/26)	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir (22/23)
Samvirkni í stefnumótun (22/23)	Starfsmannastjórnun og verkaskipting(22/23)
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu (25/26)	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna(22/23)
Umbætur og innleiðingar breytinga (22/23)	Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað(22/23)

* Framúrskarandi A - Mjög gott B - Gott C - Ábótavant D - Óviðunandi

Á skólaárinu voru teknir fyrir þættirnar *1.2 Faglegt samstarf og samræða* og *1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu*. Hér að neðan má sjá heildarniðustöður fyrir þá þætti.

Gagnaöflun:

- Matsteymið fór yfir gæðaviðmið Norðurlæpis og átti samtal um alla þættina.
- Kennarakönnun var lögð fyrir í mars.

Markmið hennar var að meta viðhorf kennara til eigin starfshátta, samstarfs, námsmats, samskipta við foreldra, faglegrar þróunar og

annarra þátta sem tengjast gæðum skólastarfs og fagmennsku. Til grundvallar spurningalista var [reglugerð um hæfniramma kennara og skólastjórnenda](#). Alls svöruðu 18 kennarar könnuninni. Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að kennarar meti eigin starfshætti og fagmennsku almennt mjög jákvætt. Sérstaklega koma sterkt út þættir sem snúa að skýrum viðmiðum í bekkjarstjórnun, faglegri ábyrgð, samstarfi við samstarfsfólk, námsmati og samskiptum við foreldra. Einnig telja flestir kennarar að þeir stuðli að virkri þátttöku nemenda í námi sínu og að skólinn styðji við faglega þróun starfsfólks. Helstu umbótatækifæri felast í áframhaldandi þróun faglegrar ígrundunar, nýtingu rannsókna og markvissri umræðu um starfshætti.

Styrkleikar:

- Vel er staðið að starfsþróun starfsmanna þar sem skipulögð fræðsluerindi og námskeið eru yfir skólaárið og þá fá einstaklingsbundnar þarfir gott rými. Þá er skólum í nágrenninu boðið til okkar á þingmennt einu sinni á skólaári þar sem ýmsar smiðjur eru í boði. Sérstakar áherslur eru á Byrjendalæsisnám fyrir kennara á yngsta stigi og Leiðsagnarnám yfir allan skólann.
- Skólinn á í mjög öflugum samstarfi við foreldra og nærsamfélag um að efla velferð barna og skapa samfellu á milli skóla og tómstunda. Sem dæmi samþættingarverkefni íþróttastarfs, samstarf við leik- og framhaldsskóla, sjúkrapjálfa, tónlistarskólann, STEM Húsavík, Fablab, menningastofnanir o.fl.
- Skólinn á í góðum samskiptum við grenndarsamfélagið er varðar vettvangsheimsóknir, samvinnu við hin ýmsu samtök, starfsnám o.fl.
- Heimasíðu skólans er vel viðhaldið og mjög reglulega eru birtar fréttir úr skólastarfinu sem og hinar ýmsu upplýsingar.

Tækifæri til umbóta:

- Halda markvissari fræðslufundi á hausti fyrir skólaráð og aðra fulltrúa sem gegna trúnaðarstörfum í stjórnnum og ráðum skólans.
- Fara yfir viðbragðs og öryggisáætlun á hverju hausti með starfsfólki og halda henni á lofti.

- Gera innra mat fyrir *frístundarstarfið* markvissara og setja inn á langtímaáætlun og matsáætlun skólaársins.

2 Nám og kennsla

Gæðaviðmið Norðurlægis – [Nám og kennsla](#)

Athugið að nýlega tók skólinn að nota kerfið BRAVO Lesson til þess að halda utan um innra mat og því hefur ekki verið lagt mat á alla þætti í listanum.

Nám og kennsla	
Inntak og námskrá (24/25)	Skipulag náms og námsumhverfi (25/26)
Árangur náms (24/25)	Námsvitund (21/22)
Kennsluhættir og gæði kennslu (24/25)	Ábyrgð og þátttaka (21/22)
Velferð og líðan nemenda	

* Framúrskarandi **A - Mjög gott** B - Gott C - Ábótavant D - Óviðunandi

Hér að ofan má sjá heildarniðurstöður á þættinum um *Nám og kennslu*. Þá er verklag gott og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, þá þarf að huga sérstaklega að þætti 2.2 *Árangur náms* þar sem heildarmat þess þáttar er gult (C - ábótavant).

Á skólaárinu var þáttur 2.4 *Skipulag* náms tekinn fyrir. Hér greinum við helstu styrkleika og tækifæri til umbóta úr þeim þætti.

Gagnaöflun:

- Matsteymið fór yfir gæðaviðmið Norðurlægis og átti samtal um alla þættina.

- Kennarakönnun í desember 2025.

Markmið hennar var að afla upplýsinga um viðhorf kennara til náms og kennslu, þátttöku nemenda í eigin námi, leiðsagnarnáms og annarra þátta sem tengjast gæðum skólastarfsins. Alls svöruðu 25 kennarar könnuninni. Á heildina litið gefa niðurstöðurnar til kynna að styrkleikar skólans liggi í markvissri kennslu, skýrum námsmarkmiðum og fjölbreyttum kennsluháttum, en áfram verði lögð áhersla á innleiðingu leiðsagnarnáms, sjálfsmat nemenda og aukna þátttöku þeirra í skipulagi og mati á eigin námi.

- Innlit stjórnenda í kennslustundir hjá kennurum á vorönn þar sem þessi lista var lagður til grundvallar [Innlit í kennslustundir vor 26](#). Markmiðið var að fara í skipulagt, formlegt innlit í heila kennslustund til allra starfsmanna. Farið var til um 50% kennara. Innlit stjórnenda í kennslu sýna að styrkleikar skólastarfsins felast meðal annars í góðum samskiptum kennara og nemenda, vel skipulögðum kennslustundum, góðu sjónrænu skipulagi og virkri þátttöku nemend. Niðurstöðurnar benda jafnframt til þess að efla megi upphaf og lok kennslustunda með markvissari kveikjum, skýrari kynningu á námsmarkmiðum og samantekt á helstu lærdómsatriðum í lok kennslustunda.
- Matsferill. Meðaltal árganga í lesskilningi og stærðfræði er frá 8-11 sem segir að frammistaða nemenda er svipuð og frammistaða á landsvísu.
- Lesfimi. 74,2% allra nemenda eru við meðaltal eða yfir meðaltali í lesfimi og 25,8% eru undir meðaltali.

Styrkleikar:

- Kennsla er skipulögð í teyllum þar sem kennarar bera sameiginlega ábyrgð á námi nemenda. Öflugt samstarf kennara og markviss nýting teymiskennslu stuðlar að fjölbreyttum og sveigjanlegum námsaðstæðum.
- Námið er skipulagt að stórum hluta út frá þeim þvert á námsgreinar þar sem nemendur fá tækifæri til að velja viðfangsefni og tengja nám sitt við eigin áhuga og reynslu.

- Kennsluhættir leggja áherslu á virkni nemenda, meðal annars með umræðum og skoðanaskiptum, og námsumhverfi styður við sköpun, frumkvæði og fjölbreytta nálgun á nám, bæði í sjálfstæðri vinnu og samvinnu.
- Nemendur hafa gott aðgengi að fjölbreyttum námsgögnum og nýta þau, auk þess sem grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt sem hluti af námi.
- Skipulag náms og stuðnings miðar að jöfnum tækifærum allra nemenda, þar sem stuðningur er veittur með fjölbreyttum hætti og að jafnaði innan nemendahópsins.
- Lögð er áhersla á jafnt vægi list- og verkgreina og fjölbreytt þemaverkefni sem efla verkkunnáttu og sköpunarkraft nemenda.
- Umsjónarkennarar veita reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfarir nemenda sem styður við gott samstarf heimila og skóla.

Tækifæri til umbóta:

- Efla og festa í sessi formleg leiðbeinandi samtöl milli kennara og nemenda um nám, markmið og námsframvindu, með það að markmiði að styrkja sjálfsmat og ábyrgð nemenda á eigin námi.
- Innlit stjórnenda í kennslustundir þurfi að fara fram fyrir á skólaárinu og nái til allra kennara.

3 Innra mat

Gæðaviðmið Norðurlþings – [Innra mat](#)

Athugið að nýlega tók skólinn að nota kerfið BRAVO Lesson til þess að halda utan um innra mat og því hefur ekki verið lagt mat á alla þætti í listanum.

Innra mat
Skipulag (24/25)

Framkvæmd (24/25)
Umbætur (25/26)

* Framúrskarandi A - Mjög gott B - Gott C - Ábótavant D - Óviðunandi

Hér að ofan má sjá heildarniðurstöður á þættinum um *Innra mat*. Þá er verklag mjög gott og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Á skólaárinu var þáttur 3.3 *Umbætur* tekinn fyrir. Það er mat teymisins að flestir þættir eru góðir en þá má helst vinna betur að umbótáætluninni sjálfri og gera eftirfylgni á umbótum markvissari.

Gagnaöflun:

- Matsteymið fór yfir gæðaviðmið Norðurlþings og átti samtal um þættina er snúa að *Umbótum*.
- Yfirferð á sjálfsmatsskýrslum fyrri ára, umbótaáætlanir, matsáætlanir og langtímaáætlun.

Styrkleikar:

- Í skýrslu um innra mat er með markvissum hætti fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta, sem styður við áframhaldandi þróun skólastarfsins.
- Umbótaáætlun byggir á niðurstöðum innra mats og tekur mið af greindum styrkleikum og umbótaþörfum.
- Umbótaáætlun er tímasett og þar eru skilgreind markmið, viðmið, leiðir og ábyrgðaraðilar, sem stuðlar að skýrari eftirfylgni og framgangi umbóta.
- Skólinn hefur aðgang að ráðgjöf og stuðningi við skipulag og framkvæmd innra mats og umbótaáætlana, sem styrkir faglegt starf á þessu sviði.

- Skýrslur um innra mat liggja reglulega fyrir og eru aðgengilegar, sem stuðlar að gagnsæi í starfi skólans og upplýsingamiðlun til hagsmunaaðila.
- Skýrslan gefur vísbendingar um stöðu skólans gagnvart settum viðmiðum, þó tækifæri séu til að gera framsetningu og greiningu enn skýrari og markvissari.

Tækifæri til umbóta:

- Meta kennslu og fagmennsku kennara með reglubundnum hætti, meðal annars með mati stjórnenda, jafningjamati og mati á þróun og nýjungum í kennsluháttum.
- Tryggja að allt starfsfólk fái tækifæri til að efla hæfni sína í innra mati og taka virkan þátt í því.
- Setja fram skýra umbótaáætlun og fylgja henni eftir með markvissum hætti.
- Skilgreina markvissar aðgerðir sem styðja við innleiðingu umbóta og framgang þeirra.
- Hafa gagnaöflun fjölbreyttari.

Viðhorf og líðan

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur á skólaárinu og veitti upplýsingar um líðan þeirra, samskipti, námsumhverfi og viðhorf til skólans.

Niðurstöðurnar voru kynntar starfsfólki og nýttar við mat á skólastarfinu og skipulag næstu skrefa. Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsinn vor 2026 hefur líðan batnað og allir þættir koma betur út en fyrra ár. Undanskilið er tíðni eineltis. Þar er spurt *Á síðustu 30 dögum, hve mörgum sinnum hefur þú verið lagður í einelti í skólanum?* Þar er niðurstaðan rétt um landsmeðtal en 2023-2024 var skólinn langt undir meðaltali sem var afar ánægjulegt. Það þarf því sérstaklega að skoða þennan þátt í kaflanum Viðhorf og líðan fyrir næsta skólaár.

Einnig voru tekin starfsmannasamtöl við kennara þar sem rætt var um starfsaðstæður, líðan í starfi, faglega þróun og helstu verkefni. Samtölin veittu stjórnendum mikilvæga innsýn í reynslu og viðhorf starfsfólks og studdu við áframhaldandi þróun skólastarfsins.

Áherslur skólans

Í þessum kafla er fjallað um áherslupætti í skólastarfi Borgarhólsskóla sem stuðla að jákvæðum skólabrag, samheldni og fjölbreyttum tækifærum til náms og þátttöku fyrir nemendur og starfsfólk.

Árvissir atburðir: Atburðirnir eru orðnir fastur liður í skólastarfinu og endurspegla áherslur skólans. Framkvæmd þeirra gekk almennt mjög vel á skólaárinu og stuðluðu þeir að jákvæðum skólabrag, samheldni og fjölbreyttum tækifærum nemenda til þátttöku. Að þessu sinni var ekki tekið þátt í Skólahreysti. Upplestrarkeppninn var haldin fyrr en áður sem okkur fannst ekki bæta hana. Vorskóli gekk mjög vel en við sjáum þó tækifæri til bætinga fyrir næsta ár. Að öðru leyti gengu árvissir viðburðir samkvæmt áætlun og tókst vel til.

Algengast var að mat á atburðum fór fram í samtali við skipuleggjendur og/eða þátttakendur en eftir þemadaga var send út starfsmanna- og nemendakönnun á 5.-10. bekk. Þar kom fram að allt starfsfólk sem svaraði könnuninni fannst þemavikan ganga vel eða nokkuð vel og 66% nemenda fannst þemadagar skemmtilegir og 74% fannst þeir lærdómsríkir.

Þróunarverkefni: Á skólaárinu voru tvö þróunarverkefni í forgrunni skólastarfsins. Annars vegar var unnið áfram að verkefninu Lítil skref á leið til læsis, sem miðar að því að efla samfellu í námi barna á milli leik- og grunnskóla með áherslu á málörvun, læsi, fínhreyfipjálfun og samstarf heimila og skóla. Hins vegar tók skólinn þátt í innleiðingu leiðsagnarnáms undir handleiðslu Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA). Markmið verkefnisins var að styrkja námsmat til náms, efla þátttöku nemenda í eigin námi og þróa kennsluhætti sem styðja við markvissari endurgjöf og skýrari námsmarkmið. Samantekt á mati á virkni leiðsagnarnáms hjá kennurum má sjá [hér](#). Bæði verkefnin hafa haft jákvæð áhrif á faglegt starf skólans og stuðlað að aukinni samvinnu og faglegri þróun starfsfólks.

Umbótaáætlun 2026-2027

Umbótaáætlun má finna [hér](#).

Yfirlit yfir áætlanir

Hér að neðan er tafla sem segir hvenær áætlanir og stefnur verða uppfærðar.

	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Skólanámskrá	X	X	X	X
Starfsáætlun	X	X	X	X
Starfsmannahandbók	X	X	X	X
Móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna	X			X
Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur	X			X
Starfsþróunaráætlun	X	X	X	X
Eineltisáætlun		X		
Öryggis- og viðbragðsáætlun		X		
Forvarnaráætlun	X			X
Rýmingaráætlun	X	X	X	X
Jafnréttisáætlun		X		
Sjálfsmatsskýrsla	X	X	X	X